

YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐURKJÖRDÆMIS
SEM KJÖRIN VAR AF ALÞINGI 8. DAG FEBRÚARMÁNAÐAR 2018

Selfossi, 18. október 2021.

Undirbúningsnefnd Alþingis vegna rannsóknar kjörbréfa.
b.t. Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis hefur mótttekið bréf skrifstofustjóra Alþingis, f.h. forseta Alþingis, dags. 14. október sl., þar sem óskað er eftir ábendingum yfirkjörstjórnarinnar við framkomnar kosningakærur vegna Alþingiskosninganna sem fram fóru hinn 25. september 2021.

Yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis hefur farið yfir framkomnar kosningakærur.

Flestar framkomnar kærur varða framkvæmd alþingiskosninganna í Norðvestur kjördæmi. Af því tilefni vill yfirkjörstjórnin taka fram að hún sér ekki ástæðu til að koma á framfæri athugasemdum eða ábendingum við framkvæmd Alþingiskosninga í öðrum kjördæmum.

Framkomnar kröfur um ógildingu alþingiskosninganna varða að mati yfirkjörstjórnar ekki atriði sem eru á valdi eða varða undirbúning eða framkvæmd yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis á alþingiskosningum samkvæmt lögum nr. 24/2000. Vegna framkominna athugasemda telur yfirkjörstjórnin þó rétt að lýsa því áliti sínu að innsigli, umbúnaður og meðferð kjörgagna, talning og uppgjör atkvæða í Suðurkjördæmi hafi verið vönduð og í samræmi við ákvæði ofangreindra kosningalaga. Þá telur yfirkjörstjórn Suðurkjördæmis ekki fram komnar neinar vísbendingar, röstuðning eða sannanir sem leitt geti til ógildingar á framkvæmd alþingiskosninganna 25. september 2021 í Suðurkjördæmi.

Virðingarfyllt,
f.h. yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis,


Þórir Haraldsson, oddviti.